



Reykjavík, 21. júní 2021
US210149

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi útboð

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. maí 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Reykjavíkurborg braut gegn lagaskyldu sinni til útboðs með samningum við Orku náttúrunnar ohf. (ON) um LED-væðingu götulýsingar í borginni. Þetta kemur fram í úrskurði kærunefndar útboðsmála, en auk tveggja milljóna króna stjórnvaldssektar lagði nefndin fyrir borgina að bjóða verkið út.

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki þurfi að vera með virkt endurmenntunarkerfi fyrir helstu stjórnendur borgarinnar þar sem t.d. nýjar reglugerðir og ný lög eru kynnt svo og fjármálalæsi kennd? Það er líklega mun hagstæðara en að þurfa hvað eftir annað að greiða sektir sem skapast við slæma stjórnsýslu og laga- og reglugerðarbrot Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg hefur oft áður verið talin brotleg í málum sem kostað hefur borgarbúa milljónir. Í þessu máli halda engin rök og þau veiku rök sem borgin lagði fram hafa verið hrakin lið fyrir lið. Þegar slíkt gerist þarf að bæta vinnubrögð og tryggja að slíkt gerist ekki aftur. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta stríð borgarinnar gagnvart lögum og reglum ekki bara þreytandi heldur með öllu óásættanlegt af stjórnvaldi sem borgarbúa eiga að geta treyst sérstaklega þegar kemur að því að fylgja lögum og reglum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. júní 2021.

Svar:

Stjórnendum jafnt og öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar býðst að öllu jöfnu sækja sér viðbótarþekkingu t.d. í formi fyrirlestra eða námskeiða. Lögfræðingar og aðrir sem vinna við útboðsmál hjá Reykjavíkurborg hafa sótt lögfræðilega fyrirlestra og námskeið á því sviði í gegnum tíðina til að auka þekkingu sína og eru borginni til ráðgjafar í útboðsmálum. Nýgengnir úrskurðir kærunefndar útboðsmála varðandi útboðsskyldu vegna orkukaupa og þjónustusamninga gefa ekki tilefni til viðbragða varðandi stjórnendur af því tagi er fyrirspurnin lýtur að, enda í málunum deilt um flókin lögfræðileg réttaratriði.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnisdóttir

Glóey Helgudóttir Finnisdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
umhverfis- og skipulagssviðs